

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun
reglugerðar nr. 189/1990.

Frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur.

1. Hvað líður endurskoðun á reglugerð nr. 189/1990 um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum?
2. Hyggst ráðherra skipa formlega starfshóp sem vinna á tillögur að breytingum á reglugerðinni?
3. Hyggst ráðherra ljúka heildarendurskoðun á reglugerðinni árið 2020 í tilefni þess að Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, hefur lýst því yfir að árið 2020 sé alþjóðlegt ár plöntuheilbrigðis?
4. Hvernig hyggst ráðherra að öðru leyti taka þátt í vitundarvakningu FAO um plöntuheilbrigði?